



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

***Tillaga dags. 29. nóvember 2016, um breytingar á þjónustugjöldum í þjónustuíbúðum.***

Á fundi velferðarráðs þann 12. janúar 2017 var lögð fram að nýju tillaga, dags. 29. nóvember 2016, um breytingar á þjónustugjöldum í þjónustuíbúðum.

Skrifstofustjóri skrifstofu fjármála og reksturs gerir grein fyrir málinu.

Samþykkt að þjónustugjöld í þjónustuíbúðum byggist á samræmdum þjónustugrunni sem felur í sér 1,3 stuðul í hjónaíbúðum og 77% í niðurgreiðsluhlutfall.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Stefán Eiríksson', written over a printed name and title.

Stefán Eiríksson  
sviðsstjóri



Lagt fyrir velferðarráð 1. desember 2016  
Lagt fram að nýju fyrir velferðarráð 12. janúar 2017

### Tillaga:

- Lögð fram tillaga um að þjónustugjöld í þjónustuíbúðum verði byggð á**
- samræmdum þjónustugrunni,
  - stuðli 1,3 í hjónaíbúðum og
  - ákveðnu niðurgreiðsluhlutfalli velferðarsviðs:
- A) niðurgreiðsluhlutfall 75%
  - B) niðurgreiðsluhlutfall 77%

Lagt er til að gjaldskrá þjónustugjalda í þjónustuíbúðum breytist frá og með 1. janúar 2017 og miðist við samræmdan þjónustugrunn. Lagðar eru fram tvær tillögur A eða B. Tillaga A byggist á lægra niðurgreiðsluhlutfalli borgarinnar og felur í sér nokkra hækkun þjónustugjalda, en tillaga B miðast við óbreytta gjaldskrá í einstaklingsíbúðum en breyttum stuðli í hjónaíbúðum. Báðar tillögur gera ráð fyrir að jafnræðis í þjónustugjaldi sé gætt óháð staðsetningu íbúða og rekstrarumhverfi þeirra.

Þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Velferðarsvið rekur 364 þjónustuíbúðir í Reykjavík fyrir u.þ.b. 413 einstaklinga.

Þjónustuíbúðir	Dalbraut *	Seljahlíð *	Furugerði	Norðurbrún	Langahlíð	Lindargata	Samtals
Einstaklingsíbúðir	46	43	56	52	32	86	315
Hjónaíbúðir	12	6	14	8	1	8	49
Samtals	58	49	70	60	33	94	364

\* innifalið aðgangur að lækniþjónustu

Þjónustugjöld samanstanda af kostnaði vegna sólahringsvaktar, stjórnunar- og skrifstofuhalds og ræstingar á sameign. Auk þess er aðgangur að lækniþjónustu á dagvinnutíma innifalið í þjónustugjaldi á Dalbraut og í Seljahlíð.

**Samræmdur þjónustugrunnur.** Lagt er til að samræmdur þjónustugrunnur feli í sér sólahringsvakt (4,2 stöðugildi) og kostnað vegna ræstingar á sameign. Hjá Dalbraut og í Seljahlíð þar sem samningur um lækniþjónustu er í gildi er lagt til að gjald vegna lækniþjónustuhluta samnings verði óbreytt.

**Þjónustugjald í einstaklingsíbúðum og hjónaíbúðum.** Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er þjónustugjald í hjónaíbúðum 10-16% hærra en í einstaklingsíbúðum. Á Lindargötu er sama gjald fyrir hjónaíbúðir og einstaklingsíbúðir, auk þess sem gjaldið er 16% lægra á einstaklingsíbúðum og 28% lægra á hjónaíbúðum en á öðrum sambærilegum stöðum. Lagt er til að stuðull fyrir hjónaíbúðir verði samræmdur í 1,3 þ.a. gjald vegna 2ja einstaklinga í hjónaíbúð verði 30% hærra en gjald vegna einstaklingsíbúðar. Rökin fyrir hækkun stuðuls, lúta að því að hjón í sömu íbúð eiga sama rétt og einstaklingur í íbúð á sólahringsþjónustu, þó gjaldið feli í sér viðurkenningu á því að hugsanlegt hagræði skapist í tilfelli hjóna.



**Niðurgreiðsluhlutfall.** Niðurgreiðsluhlutfall skv. gildandi gjaldskrá er að meðaltali 79% í þjónustuíbúðum án lækniþjónustu og 64% með lækniþjónustu, eða að meðaltali 74%. Lagðar eru fram tvær tillögur A og B. Miðað við samræmdan þjónustugrunn er reiknaður meðalkostnaður á mánuði við þjónustuíbúðir Reykjavíkurborgar þannig:

Kostnaður á mánuði	Einstakl. íbúð	Hjónaíbúð
án læknaþjónustu	53.200 kr.	69.100 kr.
með læknaþjónustu	60.800 kr.	79.000 kr.

Tillögur A og B eru um hlutdeild íbúa í þessum kostnaði m.v. mismunandi niðurgreiðsluhlutfall

**Tillögur A og B um þjónustugjöld:**

Tillaga A	Núverandi gjaldskrá vegna ársins 2017		Ný gjaldskrá m.v 75% niðurgreiðsluhlutfall		Hækkun	
	Einst.íbúð	Hjónaíbúð	Einst.íbúð	Hjónaíbúð	Einst.íbúð	Hjónaíbúð
Furugerði	11.990 kr.	13.945 kr.	13.283 kr.	17.267 kr.	1.293 kr.	3.322 kr.
Norðurbrún	11.990 kr.	13.945 kr.	13.283 kr.	17.267 kr.	1.293 kr.	3.322 kr.
Langahlíð	11.990 kr.	13.945 kr.	13.283 kr.	17.267 kr.	1.293 kr.	3.322 kr.
Lindargata	10.035 kr.	10.035 kr.	13.283 kr.	17.267 kr.	3.248 kr.	7.232 kr.
Dalbraut	22.820 kr.	25.305 kr.	24.113 kr.	28.627 kr.	1.293 kr.	3.322 kr.
Seljahlíð	22.820 kr.	25.305 kr.	24.113 kr.	28.627 kr.	1.293 kr.	3.322 kr.

Í ofangreindri töflu má sjá tillögu um ný þjónustugjöld í þjónustuíbúðum sem byggist á samræmdum þjónustugrunni og breytingu á stuðli í 1,3 vegna hjónaíbúða og hækkun þjónustugjalds í krónum. Ljóst er að mesta hækkunin yrði á Lindargötu. Niðurgreiðsluhlutfall verður 75% í íbúðum án læknaþjónungs en 60% í íbúðum með læknaþjónustu eða 70% að meðaltali.

Tillaga B	Núverandi gjaldskrá vegna ársins 2017		Ný gjaldskrá, stuðull hjónaíbúða 1,3 og samræmd gjaldskrá		Hækkun	
	Einst.íbúð	Hjónaíbúð	Einst.íbúð	Hjónaíbúð	Einst.íbúð	Hjónaíbúð
Furugerði	11.990 kr.	13.945 kr.	11.990 kr.	15.587 kr.	0 kr.	1.642 kr.
Norðurbrún	11.990 kr.	13.945 kr.	11.990 kr.	15.587 kr.	0 kr.	1.642 kr.
Langahlíð	11.990 kr.	13.945 kr.	11.990 kr.	15.587 kr.	0 kr.	1.642 kr.
Lindargata	10.035 kr.	10.035 kr.	11.990 kr.	15.587 kr.	1.955 kr.	5.552 kr.
Dalbraut	22.820 kr.	25.305 kr.	22.820 kr.	26.947 kr.	0 kr.	1.642 kr.
Seljahlíð	22.820 kr.	25.305 kr.	22.820 kr.	26.947 kr.	0 kr.	1.642 kr.

Í tillögu B er gert ráð fyrir óbreyttri gjaldskrá fyrir einstaklingsíbúðir, en hækkun í 49 hjónaíbúðum vegna breytingar á stuðli. Ef einstaklingur býr í hjónaíbúð, skal gjaldið þó miðast við einstaklingsgjald. Niðurgreiðsluhlutfall verður 77% í íbúðum án læknaþjónungs en 63% í þjónustuíbúðum með læknaþjónustu eða 73% að meðaltali.

**Sólarlagsákvæði vegna Lindargötu**

Lagt er til að helmings hækkun vegna Lindargötu taki gildi 1. janúar 2017, og seinni hluti 1. janúar 2018 fyrir núverandi íbúa. Samræmd þjónustugjöld gildi að öðru leyti fyrir nýja íbúa.